359. fundur Afrekssjóðs ÍSÍ

14. október 2026 kl. 12.00

Mætt öll á Teams

Stjórn: Þórey Edda Elísdóttir formaður (ÞE), Stefán Jóhannesson(SJ), Birna Lárusdóttir (BL)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð.

Kristín Birna Ólafsdóttir afreksstjóri ÍSÍ, Patrekur Jóhannesson starfsmaður AMÍ.

Fjarverandi: Kári Mímisson(KM), Daníel Jakobsson (DJ)

1. **Úthlutun 2027**
   KSR upplýsti um stöðu á umsóknum. Nokkrar umsóknir hafa borist. Skilafrestur er út 18. október. Starfsmenn AMÍ og ASJ hafa fundað töluvert með sérsamböndum vegna umsókna.

2. **Niðurfellingar 2025**
   KSR upplýsti að yfirferð uppgjörs og ársreikninga með tilliti til afrekskostnaðar og sundurliðunar afreksþátta vegna ársins 2025 væri lokið hjá öllum sérsamböndum nema einu. Það sérsamband væri ennþá í vinnslu.

   Gerð er tillaga um eftirfarandi niðurfellingar:

	Heildarúthlutun	Tillaga að niðurfellingu	Lokaupphæð 2025	Skýring
BTÍ -	**3.437.643**	**0**	3.437.643	Kostnaður til staðar
HSÍ -	**126.820.413**	**0**	126.820.413	Kostnaður til staðar
KÍ -	**10.735.923**	**0**	10.735.923	Kostnaður til staðar
SÍL -	**3.060.490**	**0**	3.060.490	Kostnaður til staðar
SKÍ -	**59.593.283**	**178.479**	59.414.804	152þ. v/heilbr.teymi, 26þ. v/EM/HM

   Niðurfellingar eru byggðar á fjárhagslegu uppgjöri afreksstarfs og ársreikningi auk skýringa sérsambanda.

   Líkt og undanfarin ár eru til einföldunar, ekki felldir niður styrkir þar sem niðurfelling er undir 100þkr.

   Alls er um kr. 178.479 niðurfellingar að ræða í viðbót við fyrri 17,3mkr. niðurfellingar. Eru niðurfellingar þá alls komnar í kr. 17.668.552 vegna ársins 2025.
   Stjórn Afrekssjóðs leggur því til að fella niður afreksstyrki að fjárhæð kr. 178.479, skv. framangreindu.

3. **Birtingar á umsóknum 2026 og 2027.**
   Umræða fór fram um ákvæði reglugerðar um Afrekssjóðs um að birta skuli umsækjendum sundurliðaðar upplýsingar um úthlutanir til sérsambanda.

Upplýsingar um fjárhæðir sem sótt var um skulu jafnframt fylgja. KSR tekur saman tillögu að þeim upplýsingum sem birtar verða þeim sem þess óska.

4. **Fundargerðir 357 og 358**
   Tvær síðustu fundargerðir verða sendar stjórn til samþykkis.

5. **Erindi frá sérsamböndum.**
   Erindi barst frá ÍHÍ varðandi flokkun sérsambandsins í afreksflokk
   Stjórn var sammála um að svar við erindinu yrði unnið samhliða flokkun og úthlutun til sérsambandsins vegna ársins 2027.

6. **Starfslaun 2027**
   KBÓ kynnti ítarlega tillögur AMÍ um úthlutun starfslauna til afreksíþróttafólks. Sjá neðanmáls.
   Umræða fór fram um tillögurnar. Mikil vinna hefði verið lögð í greiningu á umsóknum og árangri sérsambanda. Áhersla lögð á árangur á alþjóðlegum stórmótum og meiri áhersla væri nú á ólympíugreinar en aðrar greinar og mögulega þátttöku á næstu Ólympíuleikum sem verða árið 2028. Því væri árið 2027 mjög mikilvægt ár í undirbúningi fyrir leikana. Stjórn var sammála um að vinnan við tillögu AMÍ hefði verið góð og vel rökstudd.

- Fjöldi starfslaunaþega eru 33.
- Þrír aðilar fá hæstu starfslaun eða 6.960.000 kr. á ári.
- Heildarstarfslaun nema um 107mkr.
- Umsóknir komu fyrir 102 aðila frá 22 sérsamböndum.

Ákveðið var að KBÓ myndi senda stjórnarfólki Afrekssjóðs tillögurnar til frekari yfirferðar og stjórn myndi senda KSR samþykki eða synjun á tillögunni í síðasta lagi á föstudag 16. október.

7. **Önnur mál**
   Engin önnur mál.

   Ákveðið að næsti fundur verði í 28. október.
   Fundi slitið kl. 13.08